

Dómnefnd um umsækjendur um embætti dómara við Landsrétt skilar umsögn

22.5.2017

Dómnefnd um umsækjendur um embætti 15 dómara við Landsrétt hefur skilað dómsmálaráðherra umsögn sinni. Embættin voru auglýst laus til umsóknar 10. febrúar síðastliðinn með umsóknarfresti til 28. febrúar. Alls sóttu 37 um embættin en þrír drógu umsóknir sínar til baka.

Með bréfi dags. 2. mars 2017 fór innanríkisráðuneytið, nú dómsmálaráðuneytið, þess á leit við dómnefnd, samkvæmt 1. mgr. 4. gr. a laga um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum, að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Dómnefndina skipa Gunnlaugur Claessen, Guðrún Björk Bjarnadóttir, Halldór Halldórsson, Ingibjörg Pálmadóttir og Valtýr Sigurðsson. Dómnefndin afhenti ráðherra umsögn sína 19. maí. Mat dómnefndar er að eftirtaldir einstaklingar séu hæfastir:

Aðalsteinn E. Jónasson, Ástráður Haraldsson, Davíð Þór Björgvinsson, Eiríkur Jónsson, Hervör Þorvaldsdóttir, Ingveldur Einarsdóttir, Jóhannes Rúnar Jóhannsson, Jóhannes Sigurðsson, Jón Höskuldsson, Kristbjörg Stephensen, Oddný Mjöll Arnardóttir, Ragnheiður Harðardóttir, Sigurður Tómas Magnússon, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Þorgeir Ingi Njálsson.